



## Skipulagsnefnd Skaftárhrepps Fundargerð

Fundur nr.143 Málsmr 1801006 haldinn á Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri, þriðjudaginn 8. janúar 2019 klukkan 15:00.

Mættir eru Jón Hrafn Karlsson formaður nefndarinnar, Bjarki Guðnason, Gústaf B. Pálsson, Kristbjörg Hilmarsdóttir, Davíð Andri Agnarsson. Einnig sitja fundinn Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri, Ólafur Elvar Júlíusson nýráðinn skipulags- og byggingarfulltrúi og Margrét Ólafsdóttir frá Landmótun sem jafnframt ritar fundargerð.

Skipulagsnefnd býður Ólaf Elvar Júlíusson velkominn til starfa.

**1. 1812002 Kynning frá forsvarsmönnum Bæjar hf. um stækkun Hótel Klausturs, hugmyndir um þjónustumiðstöð og íbúðabyggð í landi Hæðargarðs.**

*Skipulagsnefnd þakkar kynninguna.*

**2. 1811015 Tungulækur byggingarleyfi.**

Sótt er um byggingarleyfi fyrir nýtt veiðihús sem á að standa vestan við heimreiðina að Tungulæk, um 109 m frá Meðallandsvegi (204).

*Samþykkt í skipulagsnefnd. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að fylgja málinu eftir.*

**3. 181213 Umsókn Benedikts Lárussonar um skáningu nýrra fasteigna í fasteignaskrá.**

Sótt er um skráningu tveggja nýrra lóða þ.e. Kirkjubæjar I sem er 24383 m<sup>2</sup> af stærð með einu mannvirki og lóð fyrir Stöðina sem er 61 m<sup>2</sup> og einnig með einu mannvirki.

*Samþykkt í skipulagsnefnd. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

**4. 1704007 Deiliskipulag Ásar.**

Lagt er fram til samþykktar deiliskipulag fyrir Ása. Deiliskipulagið nær til 10.000 m<sup>2</sup> landspildu úr landi Ása. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits fyrir gestahús. Skipulagið var auglýst frá 29. október – 13. desember 2018 og bárust engar athugasemdir en umsagnir frá Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Vegagerðinni.

*Deiliskipulagið samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

**5. 1804001 Deiliskipulag Laufskálavörðu.**

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi Laufskálavörðu sem nær yfir um 5,1 ha svæði. Innan svæðisins á að byggja upp áningarstað með ómönnuðu þjónustuhúsi og bílastæðum í landi Skálmabæjar. Markmið deiliskipulagsins er að styrkja og auka

GBP  
JHA  
BVG  
DAN  
KH

þolmörk svæðisins og aðstöðu svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni. Skipulagið var auglýst frá 29. október – 13. desember 2018 og bárust engar athugasemdir en umsagnir frá Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni og Minjastofnun.

*Bent er á að framkvæmdin er innan veghelgunarsvæðis og er því háð leyfi Vegagerðarinnar. Deiliskipulagið samþykkt með þeim fyrirvara að tekið verði tillit til umsagnar Umhverfisstofnunar og fram komi upplýsingar um áætlaðan fjölda ferðamanna, magn úrgangs og frágang hreinsivirkja. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

**6. 1901002 Breyting á deiliskipulagi Geirlands.**

Sótt er um breytingu á deiliskipulagi Geirlands en markmið breytingarinnar er að fjölga gistirýmum og bílastæðum ásamt því að bæta aðgengi og öryggi á svæðinu. Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**7. 1901003 Systrakaffi ehf – Umsókn um byggingaleyfi – Til kynningar.**

**8. 1901004 Þétting byggðar á Kirkjubæjarklaustri – til umræðu/kynningar**

**9. 1801012/1706011 Nærsvæði KBS/Íþróttavöllur**

Kynning á stöðu verkefnisins og næstu skref.

Fundargerð samþykkt og fundi slitið kl. 17:44.

Þórh. V. Guðrússon

Daníel Andri Agnarsson

Kristbjörg Hjilmarsdóttir.

Gislauf B. Páksdóttir

Leifur Hrafn Kálsson